



Sjávarútvegur

Atvinnugreinaviðmið

1. Umfang og tilgangur

Atvinnugreinaviðmið Íslandsbanka (e. *Sector guidelines*) eru verkfæri sem hafa það að markmiði að veita fyrirtækjum betri innsýn inn í áhættur og tækifæri innan mismunandi atvinnu-greina þegar kemur að sjálfbærni.

Tilgangur skjalsins er að stuðla að og kynna sjálfbærni fyrir þeim fyrirtækjum sem eiga viðskipti við Íslandsbanka og veita þeim leiðsögn. Þá er það einnig markmið að skjalið styðji við sjálfbærni áhættumat og útskýra hvar bankinn telur atvinnugreinar vera útsettar fyrir áhættum sem snúa að sjálfbærni og til hvaða úrræða fyrirtæki geta gripið til að verjast og stýra þeim áhættum.

Atvinnugreinaviðmiðin eru samansafn af viðmiðum og ráðleggingum sem bankinn leggur til að viðskiptavinir vinni að. Eiga þau við um fyrirtæki á öllum stigum virðiskeðjunnar.

Bankinn er meðvitaður um að fyrirtæki eru á ólíkum stað í umbreytingu í átt að sjálfbærni og eðlilegt er að tekið sé mið af stærð og aldri fyrirtækja. Því geta mismunandi ráðleggingar átt við hverju sinni. Íslandsbanki hvetur fyrirtæki í viðskiptum við bankann til að vinna ekki markvisst gegn þeim viðmiðum sem hér eru lögð fram.

2. Sjálfbærni og áhrif UFS þátta á sjávarútveginn

Sjávarútvegur er ein af verðmætustu stoðum íslensks atvinnulífs og mikilvægt er að hlúa að fiskistofnum, stuðla að heilbrigðu hafi og ábyrgri umgengni í náttúrunni. Fiskeldi fellur ekki undir þessi viðmið.

Stefna íslenskra stjórnvalda í sjávarútvegi er m.a. að stuðla að sjálfbærri og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda hafsins. Þá hafa stjórnvöld sett fram markmið um að hlutfall endurnýjanlegrar orku í haftengdri starfsemi verði a.m.k. 10% fyrir árið 2030. Því er mikilvægt að fyrirtæki bregðist við þeim kröfum ásamt því að vera meðvituð um loftslagstengdar áhættur og stýringu þeirra.

3. Áhættur

Raunlæg áhætta er áhættan vegna áhrifa loftslagsbreytinga á umhverfið sjálft. Með því er átt við staka atburði eins og ofsaveður og flóð auk langtímabreytinga eins og hækkun sjávarmáls, súrnun sjávar og breyting hitastigs. Fyrir sjávarútveginn geta afleiðingar verið þær að fiskistofnar færa sig til eða að stofnstærð þeirra minnki til muna. Auk þess getur aukin tíðni ofsaveðra haft áhrif á öryggi fiskiskipa og hafna.

Umbreytingaráhætta skapast við það að breyta hratt lögum, reglum, skattlagningu, neysluhegðun og viðskiptalíkani til að ná kolefnishlutleysi og aukinni sjálfbærni. Eru slíkar aðgerðir viðbragð við raunlægum áhættum. Fyrir sjávarútveg er mikilvægt að fylgjast með tækniþróun, breyttum markaðsaðstæðum og orðsporsáhættu. Krafan um hærra hlutfall endurnýjanlegrar orku eykst samhliða umræðunni um orkuskipti í haftengdri starfsemi.

Mikilvægt er að hlúa að fiskistofnum, hafrannsóknnum og fjárfestingum sem stuðla að orkunýtingu og orkuskiptum með það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vernda lífríki sjávar.

3.1 Ráðleggingar um stýringu áhættu

1. Greina hvar starfsemi er útsett fyrir sjálfbærniáhættu.
2. Marka sér og vinna eftir umhverfis-, samfélags eða sjálfbærnistefnu.
3. Innleiða viðeigandi markmið, aðgerðaáætlanir og staðla.
4. Notast við nýjustu og bestu tækni sem völ er á hverju sinni og stuðlað að umhverfisvænum starfsháttum.
5. Virða réttindi starfsfólks ásamt rétti til kjarasamninga og félagafrelsis.
6. Koma í veg fyrir mismunun og sýna fram á jafnréttisvottorð eða staðfestingu, eftir því sem lög segja til um hverju sinni.
7. Tryggja öruggt starfsumhverfi, aðbúnað á vinnustað og móta viðbragðsáætlun við vinnuslysum.
8. Upplýsa um ófjárhagslegar upplýsingar sem viðeigandi eru hverju sinni samkvæmt lögum og viðurkenndum stöðlum t.d. GRI (Global Reporting Initiative).
9. Vinna að aukinni okurnýtingu og innleiðingu orkuskipta eftir bestu getu.
10. Mæla og meta losun gróðurhúsalofttegunda og setja markmið til að draga úr þeim.
11. Leitast við að kolefnisjafna þann útblástur sem ekki enn er hægt að draga úr t.a.m. með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.
12. Tryggja rekjanleika í allri virðiskeðju eins og hægt er.
13. Stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu úreltra veiðifæra og skipa ásamt því stuðla að eflingu hringrásahagkerfis.
14. Starfa samkvæmt viðeigandi vottun eða vottuðu gæðakerfi sé þess kostur.

4. Viðeigandi staðlar og vottanir

4.1 Í sjálfbærum fjármálaramma

Íslandsbanka eru eftirfarandi staðlar og vottanir samþykktar:

- MSC – Marine Stewardship Council vottun

4.2 Aðrar vottanir og staðlar sem stuðla að sjálfbærni

- SEDEX vottun
- GRI – Global Reporting Initiative
- ISO 9001, ISO 14001 og 45001
- GSSI – Global Sustainable Seafood Initiative
- BRC – Alþjóðlegur staðall um matvælaöryggisáætlun og birgðakeðju